



Landinu og læknum til gagns og blessunar í 100 ár

Læknafélag Íslands var stofnað 14. janúar 1918 og heldur upp á 100 ára afmæli sitt í mánuðinum. Stofnfélagar voru 34. Í fyrstu stjórn félagsins voru kosnir Guðmundur Hannesson, Guðmundur Magnússon og Sæmundur Bjarnhéðinsson. Varamaður í stjórn var Matthías Einarsson. Frá Vestfirðingafjórðungi Halldór Steinsen, í Norðlendingafjórðungi Steingrímur Matthíasson, í Austfirðingafjórðungi Georg Georgsson. Í *Læknablaðinu* frá þessum tíma má lesa:

„Um það skal engu spáð, hversu félagi voru farnast, hvert gagn það getur unnið bæði læknastéttinni og landinu, en eins dæmi væri það áreiðanlega, ef það yrði ekki báðum til gagns og blessunar. Í öllum menningarlöndum hafa læknar komið á fót föstum félagskap og skipulagi sín á milli, og fleiri eða færri málögnum til að ræða sín mál. Og hvervetna, undantekningarlaust, að eg hygg, hefir þetta komið að bestu notum. Ólíklegt er það, að vér verðum eina undantekningin, að oss gefist betur sundrun og sinnuleysi en „organisation“ og áhugi.

Mitt í öllum harðindunum, þrátt fyrir alla dýrtíð og styrjöld, byrja nú íslenskir læknar árið með þessari félagsstofnun, villausir og alls ósmeikir, til þess að búa betur í haginn fyrir komandi ár.

Illviðri og hvers konar óáran bitnar ekki síst á íslenskum læknum og engir sjá meira af hvers konar eynd og volæði. Þeir hafa þó ekki gagnað til þessa, og eitthvað meira mun þurfa til þess að draga úr þeim kjarkinn en þessi illviðri og óáran, sem nú gengur yfir.“¹

Um árangur íslenskra lækna og frumkvæði þeirra við skipulagningu heilbrigðisþjónustunnar á þeim 100 árum sem liðin eru þarf vart að fjölyrða. Grunnmenntun í læknisfræði hafa flestir læknar fengið í læknadeild HÍ sem í öllum samanburði stendur jafnfætis því sem best gerist og ber glöggvitni um framsýni forystumanna í læknastétt. Framhaldsmenntun hafa læknar sjálfir þurft að kosta og skipuleggja erlendis allt fram á þennan dag og nú að nokkru leyti hérlendis. Þannig má fullyrða að eigið framtak, frumkvæði og áraði íslenskra lækna á síðastliðnum hundruð árum hafi stuðlað að heilbrigði þjóðarinnar eins og við þekkjum það í dag.

Að tryggja viðunandi mönnun lækna er viðkvæmt ferli og lítið má út af bera ef tryggja á landsmönnum grunnheilbrigðisþjónustu. Skammsýnar ákvarðanir stjórnvalda og stjórnenda heilbrigðisstofananna án aðkomu og faglegrar samvinnu við lækna og féлага þeirra er hættuleg þróun. Ábendingar Embættis landlæknis og

Umboðsmanns Alþingis og niðurstöður dómsmála í mannaúðsmálum helstu heilbrigðisstofnana landsins sem lúta meðal annars að stjórnsýslu þeirra gagnvart læknum, eru áhyggjuefni. Ekki síður viðbrögð stjórnendanna við þessum áfellsdómum. Því miður verður ekki komist hjá því að nefna þetta á þessum tímamótum því fram til þessa hefur lengst af á þeim 100 árum sem Lí hefur staðið vörð um hagsmuni lækna og stuðlað að framförum á landsvísi í heilbrigðismálum og eflingu sjúkrastofnana ríkt gagnkvæmt traust á milli lækna og stjórnvalda og ef sagan hefur kennt okkur eitthvað þá hefur það verið þjóðinni til gagns og blessunar.

Stofnun Lí bar upp á frostaveturinn mikla þegar mesta frost sem vitað er um á landinu mældist, -34,5 stig. Þetta var árið sem Katla gaus og spænska veikin varð heimsfaraldur og Ísland varð fullvalda. Í Reykjavík veiktust um 63% íbúa og á fyrstu 6 vikunum frá því hún barst til landsins höfðu tæplega 500 manns látist. Dánarhlutfall var hæst á meðal ungra barna, fólks á aldrinum 20-40 ára og aldraðra. Einnig urðu barnshafandi konur illa úti.²

Það var því vel við hæfi að afmælisnefnd Lí valdi að læknirinn og umhverfið yrði þema afmælisársins 2018. Áhrif loftslagsbreytinga á heilsufar og lífsviðurværi mannkyns snertir lækna og allan almenning og bregðast verður við þessari umhverfisvá. Umræður og skilningur er grundvöllur aðgerða. Í janúar býðst læknum og almenningi að taka þátt í afmælisdagskrá í Hörpu þann 15. janúar næstkomandi þar sem fjallað verður um þetta efni frá sjónarhorni lækna.

Við endurskoðun Genfar-yfirlýsingar lækna síðasta haust var samþykkt að bæta við grein um mikilvægi þess að læknar sinntu heilsu sinni og heilbrigði í lífsháttum.³ Trú þessum tilmælum Alþjóðalæknasamtakanna og til eflingar félagsanda og samtakamáttar verður fjölbreytt gleðidagskrá fyrir lækna og fjölskyldur þeirra allt afmælisárið eins og sjá má á öðrum stað í blaðinu. Ég óska læknum öllum til hamingju með sitt síunga félag, megi það verða þeim og landinu áfram til gagns og blessunar.

Heimildir

- Hannesson G. Læknafélag Íslands. Læknablaðið 1918; 4: 1-2.
- Gottfredsson M. Spænska veikin á Íslandi 1918. Lærdómur í læknisfræði og sögu. Læknablaðið 2008; 94: 737-45.
- World Medical Association Declaration of Geneva. wma.net/policies-post/wma-declaration-of-geneva/ - desember 2017. Sjá íslenska þýðingu Genfar-yfirlýsingarinnar á blaðsíðu 46 í þessu tölublaði.